



Borgarholtsskóli

ÁÆTLUN UM SJÁLFSMAT  
2020-2023

## Áætlun um sjálfsmat Borgarholtsskóla 2020-2023

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er skv. 40. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Sérstaklega er fjallað um innra mat í 41. gr. sömu laga en þar er tekið fram að framhaldsskólum beri að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis skal framhaldsskóli birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Sjá einnig nánari útfærslu í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010.

Tilgangurinn með innra mati er að auka gæði starfsemi Borgarholtsskóla í heild sinni og stuðla að stöðugum umbótum. Þeir þættir sem matið tekur meðal annars til er mat á kennslu, mat á líðan nemenda og starfsfólks og viðhorf þeirra til aðstöðu og starfsumhverfis.

Stefnt er að því að hafa mat innan skólans fjölbreytt og því ávallt í endurskoðun hvað megi gera betur og hvernig hægt sé að stuðla að upplýsingaöflun, þó eru fastar aðferðir við sjálfsmat skólans og gagnaöflun eftirfarandi.

- Áfangakannanir, framkvæmdar samkvæmt úrtaki
- Viðhorfskannanir
- Stofnun ársins
- Starfsmannasamtöl

Aðferðir við sjálfsmat	Haustönn 2020	Vorönn 2021	Haustönn 2021	Vorönn 2022	Haustönn 2022	Vorönn 2023
Áfangakönnun skv. úrtaki	nóv.	mars	nóv.	mars	nóv.	mars
Viðhorfskönnun yngri og eldri nemenda	okt.	feb.	okt.	feb.	okt.	feb.
Viðhorfskönnun meðal starfsfólks	nóv.		okt.		okt.	
Stofnun ársins		feb.		feb.		feb.
Starfsmannasamtöl	nóv.	mars	okt.	mars	okt.	mars
Skýrslugerð	ágúst/sept.	des./ jan.	ágúst/sept.	des./ jan.	ágúst/sept.	des./ jan.
Áætlun endurskoðuð	ágúst		ágúst		ágúst	
Vinna við nýja áætlun um sjálfsmat						sept.